

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *15. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 15. febrúar 2007, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti v/Heiði frestað á síðasta fundi.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
4. Álagningareglur fasteigna og þjónustugjalda 2007.
5. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2007.
6. Skipan fulltrúa í orku og stóriðjunefnd á vegum Eyþings.
7. Hótel Gígur.
8. Erindi frá Umhverfinsnefnd Alþingis dags. 1. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð.
9. Erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 1. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.
10. Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis dags. 7. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á frumvarpi til vegalaga.
11. Samkomulag um landbóta og landnýtingaráætlun 2007-2010 fyrir Austurfjöll og Gæsafjöll.
12. Bréf frá Birni Yngvasyni og Ingibjörgu Björnsdóttur dags. 5. feb.
13. Erindi frá Tækifæri, þar sem gefin er kostur á að neyta forkaupsréttar á hlutum í félaginu.
14. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 5. febrúar.
15. Fundargerð Skólanefndar frá 22. janúar.
16. Samkomulag milli Verkalýðsfél. Húsavíkur og Skútustaðahr. v/heimilishjálpar.
17. Gjaldskrá sorpgjalda 2007, fyrri umræða.
18. Trúnaðarmál.

Til kynningar:

**Afrit af bréfum Landgræðslunnar dags. 31. janúar, til landeigenda í Vogum v/afhendingar á landgræðsluvæði við Lúdent.**

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 15, 16, 17 og 18 yrði bætt á dagskrána.  
Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti v/Heiði frestað á síðasta fundi.**

Fyrir fundinum liggur skoðunar og matsskýrsla á eignarhlut ríkisins í jörðinni Heiði, dags. 18. janúar 2007. Í febrúar 2006 sendi Landbúnaðarráðuneytið skýrslu um áætlað matsverð jarðarinnar. Skútustaðahreppur fór fram á að jörðin yrði endurmetin þar sem talið var að hluti bygginga og lands væri of hátt metið. Landbúnaðarráðuneytið hefur með skýrslu í september 2006 komið til móts við athugasemdir sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi kaupverð og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu. Böðvar tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

**3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.**

Farið yfir fjárhags- og fjárfestingaáætlun næstu þriggja ára.  
Visað til seinni umræðu.

**4. Álagningarreglur fasteigna og þjónustugjalda 2007.**

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2007. ásamt afsláttarreglum.

*Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2007.*

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 0,88% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2007. Gjaldalagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2007, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.870.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.620.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.870.000- til kr. 2.150.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.620.000- til kr. 2.930.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.150.000- til kr. 2.500.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.930.000- til kr. 3.490.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2007 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:****A.) Íbúðir**

Sorphirðugjald kr. 14.700- á íbúð

**B.) Fyrirtæki.**

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr. 14.700-

b) kr. 40.300-

c) kr. 73.400-

d) kr. 134.600-

e) kr. 263.200-

f) kr. 397.900-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2007, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Samþykkt samhljóða.

**5. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2007.**

Eftirfarandi innheimtulisti lagður fram. Vegna síaukins kostnaðar við sorphirðu er gert ráð fyrir 6% hækkun frá fyrra ári.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2007 fyrirtæki	flokkur	2007
Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum	a	14.700
Dyngjan	a	14.700
Haganes, veiðihús	a	14.700
Léttsteypan	a	14.700
Mývatnsmarkaður	a	14.700
Víkurnes, hópferðapjónusta	a	14.700
		<b>88.200</b>
Mýflug	b	40.300
Geiteyjarströnd 1, reykhus, gisting	b	40.300
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	40.300
Skútustaðir 2b, gisting-tjöldun, reykhus	b	40.300
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	40.300
Landeigendur Reykjahl. v/ Gestastofu	b	40.300
		<b>241.800</b>
Ferðapjónustan Bjargi	c	73.400

Vogafjós	c	73.400
Vogabændur	c	73.400
Eldá	c	73.400
Ferðapjónustan Hlíð	c	73.400
Hótel Reykjahlíð	c	73.400
Náttúruböðin	c	73.400
Skútustaðahreppur, áhaldahús	c	73.400
Stöng, ferðapjónusta	c	73.400
Veiðihús í landi Hofstaða	c	73.400
Landsvirkjun v/ Grænna lausna	c	73.400
		<b>807.400</b>

Hótel Reynihlíð	d	134.600
Lykilhótel	d	134.600
Mývatn ehf	d	134.600
Skjólbrekka, félagsheimili	d	134.600
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	134.600
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	134.600
Malarvinnslan	d	134.600
		<b>942.200</b>

Sauðahellir ehf	f	397.900
Kröfluvirkjun	f	397.900
		<b>795.800</b>

samt. fyrirtæki		<b>2.875.400</b>
alm. gjald	152	14.700
		<b>2.234.400</b>
samtals alls		<b>5.109.800</b>

Samþykkt samhljóða.

## 6. Skipan fulltrúa í orku og stóriðjunefnd á vegum Eyþings.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Kristján Stefánsson.

## 7. Hótel Gígur.

Rætt um lóðamál hótels Gígs. Uppi virðist vera ágreiningur um, hvaða lóðaheimildir voru fyrir hendi þegar skólahúsnæðið ásamt lóðaréttindum var selt til núverandi eigenda.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita lögfræðialits á gildi þeirra heimilda sem lágu til grundvallar við söluna.

## 8. Erindi frá Umhverfinsnefnd Alþingis dags. 1. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Borist hefur bréf frá Umhverfinsnefnd Alþingis dags. 1. febrúar, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á hjálögðu frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð, mál 395. Bréfið barst skrifstofu 5. febrúar og skildi

umsögnum skilað fyrir 12 sama nánaðar. Sveitarstjórn gagnrýnir þann stutta tíma sem gefin er til að veita umbeðna umsögn. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**9. Erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 1. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.**

Borist hefur bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 1. febrúar, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á hjálagðri tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsá á Fjöllum, mál 65. Bréfið barst skrifstofu 5. febrúar og skildi umsögnum skilað fyrir 12 sama mánaðar. Sveitarstjórn gagnrýnir þann stutta tíma sem gefin er til að veita umbeðna umsögn.

Sveitarstjórn áttar sig ekki á hvers vegna málið er lagt fram nú, þar sem fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál. Í því frumvarpi Á bls. 11, 3 *Hugmyndir um mörk Vatnajökulspjóðgarðs*, kemur fram hver yrðu æskileg upphafsmörk Vatnajökulspjóðgarðs og telur sveitarstjórn að þar sé tekið á friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Ágætir flutningsmenn þingsályktunartillögunar virðast heldur ekki hafa mótað hugmyndir um hvernig friðlýsing Jökulsár á fjöllum nú, skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og Vatnajökulspjóðgarði. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps getur af þessum sökum ekki fallist á áður nefnda tillögu.

**10. Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis dags. 7. feb., þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á frumvarpi til vegalaga.**

Borist hefur bréf frá Samgöngunefnd Alþingis dags. 7. febrúar, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á hjálögðu frumvarpi til vegalaga, mál 437. Bréfið barst skrifstofu 9. febrúar og skildi umsögnum skilað fyrir 15. sama mánaðar. Sveitarstjórn gagnrýnir þann stutta tíma sem gefin er til að veita umbeðna umsögn.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**11. Samkomulag um landbóta og landnýtingaráætlun 2007-2010 fyrir Austurfjöll og Gæsafjöll.**

Eftirfarandi samkomulag lagt fram.

*Samkomulag um landbóta- og landnýtingaráætlun 2007-2010 fyrir  
Austurfjöll og Gæsafjöll í Skútustaðahreppi,  
Suður-Þingeyjarsýslu*

*Við undirritaðir, hér eftir einu nafni „framleiðendur“, höfum, með vísan til 14. gr. reglugerðar nr. 175/2003 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og sbr. 43. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, gert með okkur eftirfarandi samkomulag um landbóta- og landnýtingaráætlun fyrir Austurfjöll og Gæsafjöll 2007-2010.*

**1. Inngangur - markmið**

*Landbóta- og landnýtingaráætlun fyrir heimalönd og afrétti er unnin með vísun til 14. gr. reglugerðar nr. 175/2003 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, sem byggir á 43. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og miðar að því að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt.*

Markmið með landbóta- og landnýtingaráætluninni, og framkvæmd hennar er að stuðla að sjálfbærri nýtingu hlutaðeigandi beutilanda, auka við gróður á því landi og að þeir framleiðendur sem nýta þetta land til sauðfjárbættar eigi kost á að njóta álagsgreiðslna skv. núgildandi gæðastýringarkerfi í framleiðslu sauðfjárafurða. Það skal sett í forgang að bæta þau svæði sem Landgræðsla ríkisins hefur gert athugasemdir við, með bréfi dagsettu 28. okt. 2004 og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum um afréttarlönd í Skútustaðahreppi. En þetta land getur ekki í núverandi ástandi uppfyllt þau viðmið sem lýst er í viðauka reglugerðar nr. 175/2003 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

## 2. Umfang

2.1. Til að ná ofangreindum markmiðum um landnýtingu eru framleiðendur sammála um eftirfarandi:

A. Sleppingu og flutningi fjár verður dreift á a.m.k. 10-15 daga tímabil. Miðað verður við að beittími sé að öllu jöfnu ekki lengri en 80 dagar að fyrstu göngum. Ef óskir um breytingar á því koma fram verður afstaða tekin til þeirra í samstarfi sveitarstjórnar, upprekstraraðila og Landgræðslu ríkisins.

B. Að tilhlutan sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, verður á hverju vori farin skoðunarferð á Austurfjöll ásamt Gæsaþjóllum eigi síðar en 1. júní ár hvert. Skipuð verður nefnd sem samanstendur af fulltrúum upprekstraraðila, sveitarstjórnar og Landgræðslunnar. Fulltrúi upprekstraraðila verði jafnan formaður og sér um skipulag skoðunarferðarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á ástand beutilanda og ákveða upphaf upprekstartíma. Sveitarstjórn hefur forgöngu um að auglýsa upphaf beittíma í samvinnu við landbúnaðarnefnd Skútustaðahrepps. Þetta skal gert í samræmi við gildandi fjallskilaskilafyrirkomandi Suður-Þingeyjarsýslu enda séu ákvarðanir um upphaf upprekstrar teknar og fylgt eftir á grundvelli hennar.

C. Haldið verði áfram á þeirri braut að halda heima eða farga fé sem gengur á verstu rofsvæðunum enda sé slíkt í samræmi við markmið gæðastýringar um friðun rofsvæða og auðna. Þetta skal framkvæmt í samræmi við fjallskilafyrirmæli haust hvert.

D. Rætt verður og samið um girðingar sérstaklega við þá aðila sem það á við, sé það talið þjóna betur markmiðum þessarar áætlunar.

2.2. Til að ná ofangreindum markmiðum um landbættur eru framleiðendur sammála um eftirfarandi:

A. Umfang landbóta er áætlað ekki minna en 250 ha lands á hverju ári út gildistíma áætlunar. Þetta jafngildir gróðurstyrkingu með 50 tonnum af áburði. Gert er ráð fyrir styrkingu gróðurs með áburðargjöf, þar sem bornir verða á lágir áburðarskammtar, 150-200 kg/ha, til þess að örva framvindu þess gróðurs sem þegar er til staðar á svæðinu. Sérstaklega skal dreift um 10 tonnum árlega á svæðið sunnan til í Mellöndum. Önnur svæði verða valin í samvinnu aðila sem eiga hagsmuna að gæta og Landgræðslu ríkisins og verða þessi svæði afmörkuð á loftmynd sem fylgir áætluninni.

B. **Tafla 1.** Áætlun um landbættur á Austurfjöllum og Gæsaþjóllum 2007-2010. Miðað er við eftirfarandi kostnað: Áburður 27.528 kr/tonn, flutningur áburðar 3.000 kr/tonn, dreifing á vettvangi 9.000 kr/tonn. Öll verð eru án vsk. og miðast við verðlag 2007.

### Austurfjöll

Ár:	Áburður, tn.	Áburður, kr.	Flutningur, kr.	Vinna, kr.	Samtals, kr.
2007	50	1.376.400	150.000	450.000	1.976.400
2008	50	1.376.400	150.000	450.000	1.976.400
2009	50	1.376.400	150.000	450.000	1.976.400
2010	50	1.376.400	150.000	450.000	1.976.400

C. Lok áburðardreifingar skulu vera í samráði við Landgræðslu ríkisins.

## 3. Samningsbrot – ógilding áætlunar

3.1. Sé þessari áætlun ekki fylgt þannig að nýting lands sé umfram þol þess, samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma um gæðastýringu í sauðfjárrækt, er Landgræðslunni heimilt að afturkalla staðfestingu áætlunarinnar þannig að hún falli úr gildi í heild sinni.

#### 4. Staðfesting áætlunar

4.1. Til þess að áætlun þessi öðlist gildi þarf staðfestingu Landgræðslu ríkisins.

#### 5. Gildistími - endurskoðun

5.1. Gildistími þessarar áætlunar er frá 10. febrúar 2007 til ársloka 2010.

5.2. Áætlunin verður endurskoðuð árlega m.a. með tilliti til árangurs aðgerða og þess fjármagns sem hægt verður að útvega til aðgerðanna.

5.3. Hvers konar breytingar á áætluninni, og samkomulagi þessu, skulu háðar staðfestingu Landgræðslu ríkisins.

5.4 Framleiðendur ásamt sveitarstjórn Skútustaðahrepps er ábyrgir fyrir fjármögnun þessarar landbóta- og landnýtingaráætlunar og að henni sé fylgt í hvívetna.

Samkomulag þetta er gert í 3 samhljóða eintökum og halda Landgræðslan, Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga og Sveitarfélagið Skútustaðahreppur hver sínu eintaki af samkomulaginu.

Til staðfestu samkomulagi þessu, rita aðilar „framleiðendur“ hér nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Upprekstraráðilar á Austurfjöll ásamt Gæsafjöllum

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Vitundarvottar:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hér með staðfestist að ofangreind áætlun hafi verið unnin í samstarfi við eftirfarandi aðila, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 175//2003.

F.h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps

---

Guðrún M. Valgeirsdóttir

F.h. Búnaðarsambands Suður-Pingeyinga

---

María Svanþrúður Jónsdóttir

Ofangreind áætlun staðfestist hér með af hálfu Landgræðslu ríkisins, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 175/2003, sbr. og lög nr. 99/1993.

F.h. Landgræðslu ríkisins

---

Gústav Ásbjörnsson

Sveitarstjórn samþykkir landbóta- og landnýtingaráætlunina.

**12. Bréf frá Birni Yngvasyni og Ingibjörgu Björnsdóttur dags. 5. feb.**

Borist hefur bréf dags. 5. febrúar frá Birni Yngvasyni og Ingibjörgu Björnsdóttur. Þar er athygli sveitarstjórnar vakin á því, að girðingin á milli Skútustaðahrepps og Bárðadals, frá Suðurá norður í Stóras þarfnist verulegs viðhalds og endurnýjunar. Í Krákárbakkahólfi í öðrum leitum sl. haust hafi verið 80 ær úr Bárðardal á móti 10 ám úr Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við sveitarstjórn Pingeyjarsveitar um framhald málsins.

**13. Erindi frá Tækifæri, þar sem gefin er kostur á að neyta forkaupsréttar á hlutum í félaginu.**

Borist hefur bréf frá Tækifæri dags. 31. janúar. Þar sem hluthöfum í Tækifæri er gefin kostur á að nýta sér forkaupsrétt að hlutum í félaginu. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ætlar ekki að nýta sér forkaupsréttinn.

**14. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 5. febrúar.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar var nefndin beðin um afstöðu til erindis Landgræðslu ríkisins sem óskaði eftir heimild til að girða úr enda Garðsgirðingar á merkjum við Grænavatn, um Þrengslaborgir í Stóra-hnjúk. Landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd. Í liðnum önnur mál í fundargerðinni kemur fram að rætt hafi verið um hugsanlega stofnun Landgræðslufélags, en engar ákvarðanir verið teknar. Einnig mælti nefndin með að hreppagirðing milli Skútustaðahrepps og Bárðardald yri endurnýjuð. Sveitarstjórn hvetur menn til að íhuga það alvarlega að stofna með sér landgræðslufélag að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við fundargerðina.

**15. Fundargerð Skólanefndar frá 22. janúar.**

Fyrsti og annar liður fundargerðarinnar þar sem farið var yfir skólastarfið þarfnast ekki ályktunar við. Í liðnum önnur mál er óskað eftir heimild til að halda dansnámskeið ár hvert, skólastjóri óskar eftir að grunnskóli

Skútustaðahrepps heiti hér eftir Reykjahlíðarskóli og óskað er eftir að vefsíða skólans verði með tengingu inni á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**16. Samkomulag milli Verkalýðsfél. Húsavíkur og Skútustaðahr. v/heimilshjálpar.**

Fyrir fundinum liggur samkomulag sem Skútustaðahreppur og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hafa gert með sér. Samkomulagið er tilkomið vegna erfiðleika við að ráða starfsfólk í heimaþjónustu, og tekur gildi frá og með 1. nóvember 2006.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið og felur sveitarstjóra að undirrita það Böðvar tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

**17. Gjaldskrá sorpgjalda 2007, fyrri umræða.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að eftirfarandi gjaldskrá fyrir sorphirðu 2007. Gjaldskráin hefur hækkað um 6% frá fyrra ári.

*GJALDSKRÁ  
fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.*

*1. gr.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.*

*2. gr.*

*Gjaldið er sem hér greinir:*

<i>Íbúðir</i>		<i>14.700 kr.</i>
<i>Fyrirtæki:</i>	<i>a)</i>	<i>14.700 kr.</i>
	<i>b)</i>	<i>40.300 kr.</i>
	<i>c)</i>	<i>73.400 kr.</i>
	<i>d)</i>	<i>134.600 kr.</i>
	<i>e)</i>	<i>263.200 kr.</i>
	<i>f)</i>	<i>397.900 kr.</i>

*Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.*

*3. gr.*

*Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 15. febrúar og ..... 2007.*

*Skútustaðahreppi, .... febrúar 2007.*

*Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri.*

Samþykkt að vísað gjaldskránni til seinni umræðu.

**18. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.